

Námsáætlun í hönnun og smíðum fyrir 2. bekk 2016 - 2017

Tímabil: Ágúst – desember 2016

2 kennslustundir á viku hálfan veturinn

Kennari: Unnar Eiríksson

Markmið:

Að nemendur

- þekki hamra og sagir og þjálfist í notkun þeirra
- farið yfir öryggisþætti tálgunar og nemendur geti tálgað einfalda smíðagrip
- kunni að festa útsögunarklauf í hefilbekk
- geti notað lím í samsetningar og þekki límtegundir
- þekki notkun verkfæra og unnið með þau á öruggan hátt
- þekki mun á grófum og fínnum sandpappír og geti notað hann
- geti greint mismunandi smíðaeefni, s.s. furu/greni, krossvið og mdf-efni
- kunni að nota viðarolíu og liti til skreytingar.
- geti leyst einföld verkefni á sjálfstæðan hátt
- geri sér grein fyrir því hvað þarf til vandaðra vinnubragða
- geti nýtt eigin hugmyndir til að skreyta smíðisgrip
- geti gengið snyrtilega um verkfæri og áhöld og sópað smíðastofuna
- geti notað viðeigandi persónuhlífar og sitji/standi rétt við vinnu sína
- geti unnið ein að lausn verkefna og hafi þroskað með sér þolimæði til vandaðrar vinnu
- geri sér grein fyrir hættum í smíðastofunni og þekki umgengnisreglur hennar

Inntak

Nemendur smíða og hanna ýmis einföld verkefni. Lögð áhersla á það að nemendur öðlist færni í notkun verkfæra. Innlögn og sýnikennsla þar sem verkefnið er útskýrt fyrir nemendum. Lögð mikil áhersla á það að innlagnir að verkefnum séu skýrar og auðveldi nemendum vinnuna við verkefnið. Að öðru leyti er kennslan einstaklingskennsla. Lögð er áhersla á það að nemendur kynnist smíðastofunni og að nemendur venjist umhverfinu og þeim hættum sem geta leynst í smíðastofunni ef ekki er varlega farið.

Lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Kennsluverkefni eru verkefni sem kennari leggur fyrir nemendur. Lögð er áhersla á að verkefni séu nýtleiklutir.

Námsefni

1. Aðalnámsefni vetrarins er Woodwork with kids
2. Hönnun og smíði í 1. – 4. bekk
3. Verkefni frá kennara

Kennsluaðferðir og skipulag

Notast verður við innlagnir og kennari fer vel í gegnum það hvað eigi að gera. Einnig kennir hann notkun verkfæra sem nota skal við smíði verkefnisins.

Námsmat

Samkvæmt námskrá eru þessir þættir teknir til athugunar: Umgengni og hegðun. Virkni og vinnubrögð nemandans. Lokaafurðir nemandans. – hönnun, útlit, skreyting, verkefnið í heild

Tímabil	Skipti	Námsefni	Viðfangsefni	Kennsluaðferðir, vinnubrögð
September		Úr smíðju kennara	Íslenski torfbærinn Púsl - regnbogi	Innlögn og umræður. Nem. teikna torfkofa og yfirfæra teikninguna á krossviðsplötu. Kennari sagar út húsið og nemendur mála það síðan. Tífsagarverkefni . Litafræði
Október.		Úr smíðju kennara	Endatrésbíll Broddgöltur – að negla og tálga	Teikna – saga – bora – olíubera. Nemendur læra að þekkja muninn á krossvið og MDF plötum. Tálgun og sögun. Verkfærafræði. Sagir, borar og hamrar.
Nóvember		Úr smíðju kennara	Jólatré með miðju úr járn. Jólasveinar að dansa í kringum jólatré. Músastrákur	Tálga – bora - olíubera
Desember		Úr smíðju kennara	Snjókarlar úr endatré Tálgaður jólasveinn	Teikna – saga – pússa – mæla – bora – líma – mála – lakka – skrúfa.

Ath: Þetta eru hugmyndir að verkefnum. Ef vel gengur er líka líklegt að hægt verði að smíða meira en þarna er tiltekið.